

Sumargleði

STÆRÐIR:	104	(110	116	122	128)	cm
Yfirviðd:	64	(68	72	76	81)	cm
Sídd frá handv:	21	(23	25	27	29)	cm
Ermalengd:	23	(25	27	29	32)	cm

EFNI

Plötulopi

A – 0001 hvítt	2	(2	3	3	3)
B – 9268 eplagrænt	1	(1	1	1	1)
C – 9044 fjólublátt	1	(1	1	1	1)
D – 1762 blágrænt	1	(1	1	1	1)
E – 1768 bleikt	1	(1	1	1	1)
F – 1424 gult	1	(1	1	1	1)

Gyllt eða svart garn til að sauma í fiðrildin

Hvítt Kambgarn í hálsmál ef vill



Hringprjónar nr 4½ og 5½, 40 og 60 cm

Sokkprjónar nr 4½ og 5½

Heklunál nr 4½

Tölur 5-6-6-7-7

PRJÓNFESTA

10 x 10 cm = 14 L og 19 umf slétt prjón með tvöföldum plötulopa á prjóna nr 5½

Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

AÐFERÐ

Peysan er prjónuð úr tvöföldum plötulopa. Bolur og ermar eru prjónuð í hring. Við handveg eru lykkjur af ermum og bol sameinaðar á einn prjón og axlastykki prjónað í hring. Munstur og úrtökur prjónuð eftir teikningu. Athugið að umf byrjar á miðjum bol að framan. Miðjan á fiðrildum í munstri er saumuð með prjónsperi með gylltu garni. Einnig er hægt að nota svartan Léttlopa (nr 0059). Líning innan á kruga er prjónuð með tvöföldu Kambgarni á prjóna nr 5 ½.

BOLUR

Fitjið upp 91 (95, 99, 107, 111) L með lit B á hringprjón nr 4½. Tengið saman í hring og prjónið stroff (*1 L br 1 L sl*) skv **munstri 1**. Skiptið yfir á prj nr 5½ í **umferð 9**. Prjónið fyrstu og síðustu lykkjuna alltaf brugðna (í lokin er tvísaumað þessar brugðnu L og klippt upp á milli þeirra til að opna peysuna.) Prj síðan áfram með lit A þar til bolurinn mælist 21 (23, 25, 27, 29) cm frá uppfitjun. Slítið ekki frá. Geymið bol og prjónið ermar.

ERMAR

Fitjið upp 28 (28, 32, 32, 36) L með lit B á prjóna nr 4½. Tengið í hring og prjónið stroff (*1 L sl 1 L br*) skv **munstri 1**. Skiptið yfir á prj nr 5½ í **umferð 8**. Prjónið mismunandi lit blóm á ermar og bol. Að loknu munstri, aukið strax út um 2 L (1 lykkju eftir fyrstu lykkju og 1 lykkju fyrir síðustu lykkju í umferð) og síðan í 6. hverri umf upp ermi, alls 3 (4, 3, 3, 2) sinnum => 34 (36, 38, 38, 40) L. Prjónið án frekari útaukningar þar til ermi mælist 23 (25, 27, 29, 32) cm frá uppfitjun. Setjið 4 (4, 4, 4, 4) L undir

miðri ermi á hjálparband/-nælu => 30 (32, 34, 34, 36) L. Prjónið seinni ermi á sama hátt.

AXLASTYKKI

Sameinið bol og ermar á lengri hringprjón nr 5½ með lit A. Prjónið 21 (22, 23, 25, 25) L (hægra framstykki) Setjið næstu 4 (4, 4, 4, 5) L á hjálparband/-nælu fyrir handveg. Prjónið fyrri ermi við 30 (32, 34, 34, 36) L. Prjónið 41 (43, 45, 49, 51) L (bakstykkið), setjið næstu 4 (4, 4, 4, 5) L á hjálparband/-nælu. Prjónið seinni ermi við 30 (32, 34, 34, 36) L. Prjónið 21 (22, 23, 25, 25) L (vinstra framstykki), nú eru á prjóninum => 143 (151, 159, 167, 173) L. Prjónið munstur 2 og takið úr eins og sýnt er á teikningunni. Ath. að taka ekki úr í 4 miðjulykkjunum, 2 br og 1 sl til hvorrar hliðar. Þannig verður munstrið fallegra fyrir miðju. Skiptið yfir á sokkarprjóna þegar lykkjum fækkar. Þegar munstri er lokið eru eftir 62, (65, 71, 71, 73) L. Haldið áfram með prjóna nr 5 ½ og takið úr jafnt yfir umf 9 (10, 14, 10, 10) L => 53 (55, 57, 61, 63) L. Prjónið stroff (*1 L sl 1 L br*) skv **munstri 1**, 4 (4, 5, 5, 6) umf. Prj eina umf sl með lit B. Snúið við og fellið af fyrstu L, prj sl út umf og fellið af síðustu L. Skiptið yfir í tvöfalt Kambgarn og prjónið slétt prjón fram og til baka (slétt frá réttu, brugðið frá röngu) jafn langt stroffinu í kraganum.

FRÁGANGUR

Lykkjið saman undir höndum. Gangið frá endum en dragið endana sem eru lausir við br L að framan, fram á réttu og saumið yfir þá um leið og saumað er í vél með beinu þéttu spori tvisvar í hvora br L fyrir miðju að framan. Klippið upp á milli lykkjana.

Heklið í brúnir peysunnar þannig:

1. umf: Heklið laust með lit B og fastalykkjum yfir sauminn, byrjið neðst á hægra framstykki og heklið í aðra hvora prjónaða umf upp að efri brún kragans. *2. umf:* Snúið við með loftlykkju. Nú er heklað frá röngu með fastalykkjum í hverja lykkju til baka en búið til 5 (6, 6, 7, 7) hnappagöt með jöfnu millibili. Merkið fyrir hnappagötunum: Því neðsta 1½ cm frá upffit og því efsta fyrir miðju hálsstroffi, merkið fyrir hinum hnappagötunum með jöfnu millibili milli þessara tveggja.

Hnappagöt: Sleppið einni L við merki og heklið 1 loftlykkju í staðinn.

3 umf: Heklið í hverja fastalykkju og heklið 1 sinni í hvert hnappagat.

Heklið seinni líninguna á sama hátt nema án hnappagata.

Skolið úr peysunni og leggið til þerris. Saumið hnappana í.

Uppskrift og munstur: Hulda Hákonardóttir




LOPI

LYKILL

- A-0001 hvítt
- B-9268 eplagrænt
- C-9044 fjólublátt
- D-1762 blágrænt
- E-1768 bleikt
- F-1424 gult
- Brugðin L í stroffi
- Brugðin L fyrir miðju á bol
- Prjónspor með gylltu garni eða Léttlopa nr. 0059 (svart)
- Prj 2 L sl saman
- Prj 2 L sl saman í aftari hluta L

MUNSTUR 1



MUNSTUR 2

